



Umhverfis- og skipulagssvið - USK
Höfðatorg - Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 23. október 2025
USK25070082
HSG

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 21.10.2025 varðandi eftirfarandi mál:

Nýtt deiliskipulag, Holtsgata og Brekkustígur

Lögð fram fundargerð borgarráðs frá 16. október 2025.

2. liður fundargerðar borgarráðs frá 16. október, nýtt deiliskipulag, Holtsgata og Brekkustígur, er samþykktur með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands og Vinstri grænna gegn sex atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Borgarfulltrúar Framsóknarflokksins og Viðreisnar sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun undir 2. lið fundargerðar borgarráðs frá 16. október:

Ný skipulagstillaga felur í sér jákvæðar breytingar sem fela í sér minna byggingarmagn, fækkun íbúða úr 15 í 11, aukinn gróður og greinilegra uppbot á milli húsanna. Samþykkt er að setja tillöguna í auglýsingu og kalla eftir sjónarmiðum og athugasemdum. Bærinn Sæmundarhlíð stóð líklega þar sem nú er baklóð hússins Holtsgata 12 og nafnið yfirfærðist svo á nýja húsið sem reis við Holtsgötu 10. Heimild er fyrir niðurrifi á húsi við Holtsgötu 10 og niðurrifsheimildin hefur legið fyrir í lengri tíð. Húsið hefur með tímanum verið stækkað og innra fyrirkomulagi þess breytt, ásamt því að gerðar hafa verið veigamiklar útlitsbreytingar sem gera húsið óþekktanlegt frá upprunalegri mynd. Samkvæmt húsakönnun hefur húsið miðlungs varðveislugildi. Skipulagið hefur verið í vinnslu í 11 ár. Það er ábyrgðarhluti að láta mál velkjast um í lengri tíð og mikilvægt að ljúka þessu máli á faglegum grunni. Skipulagið hefur tekið verulegum breytingum til batnaðar á þessum tíma þar sem mætt hefur verið sjónarmiðum um samfellu í byggðarmynstri sem og sjónarmiðum í úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun undir 2. lið fundargerðar borgarráðs frá 16. október 2025:

Hér reyna borgarfulltrúar meirihlutans enn og aftur að rífa eitt af elstu húsum borgarinnar, Sæmundarhlíð, til að byggja 11 íbúða blokk án bílastæða sem kastar stórum skugga á sameiginlegan garð nágrannanna í stað 15 íbúða blokkarinnar sem var fyrst lagt upp með. Húsið lenti í veggjatítlu fyrir 20 árum og á þeim



forsendum gerði húsfríðunarnefnd þáverandi ekki athugasemd við niðurrif. Húsið var þó lagað og fólk búið þar síðan. Árið 2021 mat Borgarsögusafn Sæmundarhlíð hafa hátt varðveislugildi í húsakönnun sinni einkum vegna menningarsögulegs gildis sem hluti af elstu byggð á svæðinu. Húsið er arftaki torfbæjar með sama nafni og tilheyrir timburhúsabyggð sem reis í Vesturbænum í upphafi 20. aldar. Saga hússins er því nátengd upphafi og þróun fyrstu byggðar á svæðinu og mikilvægur vitnisburður þeirrar sögu. Sæmundarhlíð er hluti af byggðamynstri sem er eitt af sterkum einkennum Vesturbæjarins og endurspeglar þau byggingarskeið eða uppbyggingartímabil sem elstu hverfi borgarinnar hafa gengið í gegnum. Gamli Vesturbærinn nýtur hverfisverndar og verða afar sterk rök að liggja fyrir ef afmá á úr götumyndinni þessi fáu hús sem enn standa frá árdögum borgarinnar. Því ógilti úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála fyrri deiliskipulagsbreytinguna. Skeytingarleysi borgarstjórnarmeirihlutans gagnvart fyrri úrskurði úrskurðarnefndarinnar vekur furðu en varpar ljósi á viðhorfin og vinnubrögðin sem hér líðast.

Borgarfulltrúar Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun undir 2. lið fundargerðar borgarráðs frá 16. október 2025:

Framsókn situr hjá við afgreiðslu málsins og lýsir yfir áhyggjum af því að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála muni hafna ákvörðun um þessa uppbyggingu enda hafi húsið og götumyndin sögulegt gildi. Þá eru einnig of fá bílastæði sem fylgja fyrirhugaðri uppbyggingu.

Dís Sigurgeirsdóttir
e.u.



Reykjavík